



1, 3.

N. STEINGRÍMUR THORLÁKSSON
KITSTJÓRI.

FEBRUAR 1906

Nafnið „Börnin“.

Sumum hefur fundist, að nafnið á blaðinu hefði átt að vera BARNIÐ heldur en BÖRNIN. Nú, það hefði verið fall-elegt nafn. En á titil-myndinni þessari hefði það ekki sagt hið sama og titil-myndin nú með nafninu, sem á henni stendur, segir svo skýrt. Nú segir hún: „Börnin öll í hring utan um Jesum!“ Og það, sem blaðið „Börnin“ vill hjálpa til með, er einmítt þetta, að börnin okkar öll verði í hring utan um Jesum.

Guð gefi það, að blaðinu takist að hjálpa til þess.

Notið tímann vel.

I.

Það er margt, sem þið kunnið ekki að meta nú, börnin míن. En þegar þið verðið eldri, þá lærðið þið það. Það er þó sumt, sem þið nægið ekki bíða með að læra að meta, þangað til þið verðið fullorðin. Eg vil minna ykkur á eitt núna. Eg vil minna ykkur á tímann ykkar. Þið þurfið að læra að meta hann. Þið þurfið að læra að finna til þess, að hann er ykkur einhvers virði, já, mikils virði, þó þið getið ekki lært það á barnsaldri eins vel og þegar þið verðið fullorðin.

Finst ykkur ekki, að þið eigið svo mikið af tíma, að það geri lítið til, hvernig þið farið með hann?

Ykkur hættir til að hugsa um tímann ykkar eins og barni